

Saccoccia gegn Austurríki
Dómur frá 18. desember 2008
Mál nr. 69917/01

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

1. gr. 1. viðauka Friðhelgi eignarréttar

Alþjóðasamvinna á sviði refsímála. Ágóði af brotastarfsemi. Eignaupptaka.

1. Málsatvik

Kærandi, Stephen Anthony Saccoccia, er bandarískur ríkisborgari, fæddur 1958 og afplánar 660 ára langan fangelsisdóm í Bandaríkjunum fyrir stórfellt peningaþvætti. Í tengslum við meðferð refsímáls gegn kæranda í Bandaríkjunum framfylgdu austurrísk stjórnvöld úrskurði bandarískis dómstóls um haldlagningu á eignum hans í Austurríki sem voru um 5.800.000 evra virði. Umrædda fjármuni var að finna í tveimur öryggishólfum sem kærandi leigði í Vín. Var ágreiningur uppi um m.a. hvort fjármunirnir, sem voru í formi seðla og skuldabréfa, væru ágóði af lögmætri starfsemi eða tilkomnar vegna peningaþvættis og að kærandi væri að geyma þær fyrir eiturlyfjahring. Í febrúar 1993 var kærandi sakfelldur af dómstól í Bandaríkjunum fyrir að hafa verið í forsvari fyrir þvætti á meira en hundrað milljón bandaríkjadöllum á árunum 1990 og 1991. Hvorki var fallist á áfrýjun hans fyrir áfrýjunardómstól né fyrir hæstarétti Bandaríkjanna. Hinn 7. nóvember 1997 úrskurðaði dómstóll í Bandaríkjunum að haldlögðu fjármunirnir skyldu gerðir upptækir. Að beiðni dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna framfylgdu austurrísk stjórnvöld eignaupptökuúrskurðinum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kvörtun kæranda laut að því að 1. mgr. 6. gr. og 1. gr. 1. viðauka sáttmálans hefðu verið brotnar við framkvæmd eignaupptökunnar m.a. vegna þess að opinber málsmeðferð hafði ekki farið fram.

Niðurstaða

Um 1. mgr. 6. gr.: Dómstóllinn taldi að málsmeðferðin snerist um tæknilegt atriði í tengslum við milliríkjasamstarf varðandi baráttu gegn peningaþvætti varðandi framkvæmd erlends eignaupptökuúrskurðar. Því hafi austurrískum dómstólum ekki verið skylt að hlýða á vitnisburði eða á kæranda sjálfan, þar sem trúverðugleiki hans var ekki til skoðunar né umdeildar staðreyndir. Þeir hefðu aðeins þurft að meta hvort skilyrðum ákveðinna alþjóðlegra samninga væri fullnægt. Dómstólarnir gátu því af sanngirni og skynsemi tekið ákvörðun í málinu að undangenginni skriflegri málsmeðferð. Ekki hefði verið þörf á munnlegum málflutningi. Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 1. mgr. 6. gr. sáttmálans hefði ekki verið brotin.

Um 1. gr. 1. viðauka: Kærandi taldi að hann væri eigandi eignanna, að framkvæmd austurríska ríkisins á eignaupptökuúrskurðinum hefði skort lagastoð og að hann hefði ekki fengið viðunandi tækifæri til að koma röksemdum sínum á framfæri. Austurríska ríkið mótmælti m.a. að kærandi hefði verið eigandi eignanna. Dómstóllinn féllst ekki á þá afstöðu, einkum vegna þess að krafa um eignaupptöku hefði beinst að kæranda og án úrskurðarins hefði kærandi getað ráðstafað eignunum. Því hefði verið um afskipti af friðhelgi eignarréttar hans að ræða. Við mat á því hvort brotið hefði verið gegn eignarrétti kæranda leit dómstóllinn til þess að framkvæmd eignaupptökuúrskurðarins átti sér stoð í austurrískum lögum og stefndi að því lögmæta markmiði að framfylgja alþjóðlegum skuldbindingum um samstarf til að gera upptækan ágóða fíkniefnasölu. Þá hefði kærandi fengið aðstoð lögmanni við málsmeðferðina og nýtt sér í ríkulegum mæli rétt sinn til að koma að andmælum. Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að gætt hefði verið meðalhófs við framkvæmd eignaupptökuúrskurðarins.

Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að 1. gr. 1. viðauka hefði ekki verið brotin.